

Reglugjörð

um breytingar á reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta,
fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25. júlí 1892.

1. gr.

Á eftir orðunum: »fjenaðarfjölda manna« í 26. gr. komi svolátandi máls-
grein: Þó þannig að 2 dilkar teljist sem ein kind.

2. gr.

Á eftir orðunum í enda 32. gr.: »annarar rjettar« komi: Jörðin Kal-
mannstunga er fyrir utan Þverárrjettar upprekstrarfjelag og er ábúandi þeirrar
jarðar undanþeginn öllum fjelagsfjallskilum, enda annist hann einn um smöln
á öllu Kalmannstungulandi haust hvert og fjárskil af því til fyrstu, annarar og
þriðju Fljótstungurjettar. Sundurdráttarrjett má hann hafa í sínu landi og reka
þar að, til þess að greina sitt fje frá annara fje.

3. gr.

49. gr. breytist svo: Í stað orðanna: »fyrir 1. júní« komi: fyrir Mikjáls-
messu; og í stað orðanna: »eftir 1. júní« komi: eftir Mikjálsmessu; niðurlagsorð-
in: »og skal . . . fram fór á« falli burt.

4. gr.

53. gr. breytist svo: Á eftir orðinu »Hvítársíðurjettar« í niðurlagi 1.
málsgreinar komi: Þó getur stjórn Þverárrjettarfjelagsins gefið eftir, ef henni
sýnist það við eiga, að Sanddalstunguland, sem liggur á þessu svæði, sje leitað
til Fellsendarjettar í Miðdölum eða til Brekkurjettar í Norðurárdal.

5. gr.

54. gr. breytist svo: Í stað orðanna: »Norðurá og Sanddalsá« í 2. línu
greinarinnar komi: Norðurá, Sanddalsá og Mjóadalsá.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt sam-
kvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist
hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 3. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.